

Ársskýrsla UMFB fyrir árið 2020

Starf Ungmennafélags Bólstaðarhlíðarhrepps var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu 2020 þrátt fyrir heimsfaraldur. Félagsmenn voru duglegir við hin ýmsu störf á vegum félagsins; flöskusöfnun á starfssvæði UMFB fór fram þann 13. júní ásamt því að unnið var við umhirðu og undirbúning starfssvæðisins, dreifingu á Húnavökuritinu um miðjan júní og íþróttastarf.

Æfingar voru tvisvar í viku yfir sumartímamann og hófust þær í fyrstu viku júnímánaðar en á þriðjudagskvöldum voru frjálsíþróttæfingar og á sunnudagskvöldum var spilaður fótbolti. Æfingarnar fóru fram á íþróttasvæði félagsins í Húnaveri. Þjálfari á frjálsíþróttæfingunum var Hugrún Lilja Pétursdóttir og var mæting svipuð og árið á undan en um 10 krakkar voru að mæta á æfingar.

UMFB átti þátttakendur á hinum ýmsu mótum s.l. sumar, s.s á Barnamóti og Héraðsmóti USAH en Unglingalandsmót UMFI féll niður vegna aðstæðna. Á Héraðsmóti USAH lenti UMFB í þriðja sæti í stigakeppni félaganna og var haldin pylsuveisla fyrir keppendur félagsins og aðstandendur þeirra að mótinu loknu. Félagið er stolt af sínu fólki, sem leggur alltaf hug og hjarta í allar keppnir og gerir ávallt sitt besta. Stjórn UMFB vill þakka félagsmönnum fyrir þeirra sjálfboðaliðastarf á árinu en slíkt starf auðgar samfélagið sem við búum.



Stjórn UMFB var þannig skipuð á árinu 2020: Garðar Smári Óskarsson formaður, Rúnar A. Pétursson gjaldkeri, Hugrún Lilja Pétursdóttir ritari, Hilmar L. Óskarsson og Emil J. Þorsteinsson meðstjórnendur.

Hugrún Lilja Pétursdóttir, ritari